




## Inngangur

Í þróuninni á mannvirkinu á Urriðaholti höfum við fengið innblástur af því hvernig Oddfellowrelgan í mannúðartengdri vinnu sinni hefur náð að tengja hið smáa og hið stóra í tilveru okkar. Reglan hefur verið í lykilhlutverki í að ná / ráða niðurlögum á berklum og holdsveiki á Íslandi með því að styðja vinnu við rannsóknir og meðhöndlun á þessum skelfilegu sjúkdómum.

Birtingarmynd hins stóra og hins smáa höfum við fyrir augum okkar daglega í vinnu og við afþreyingu á netinu þegar við þysjum inn í myndir





sem verða stöðugt grófkornaðri eftir því sem innar dregur. Í smásjá fara byggingareiningar líkamans að bregða fyrir sjónir og vísindin hafa svo á síðustu áratugum afhjúpað hornsteina alheimsins við tilraunir í atóm-hröðlum.

Táknmynd hreyfingarinnar er nátengd þessu samhengi: Hið smáa í einstökum hlekki og heildin, eða hið stóra í sjálfri keðjunni. Allt hangir saman.

Í tillögunni að verki höfum við leikið okkur með blöndu af pixlum og hlekkjum til að tjá samhengi byggðarinnar á Urriðaholti. Öll samfélög eru samansett af bæði einstaklingum og mengjum eins og fjölskyldum, íþróttafélögum, kórum og öðrum hópum sem mynda félagslega og menningarlega heild. Þetta langar okkur að draga fram, enda hefur Urriðaholt orð á sér fyrir að vera mjög góður staður að búa á, með góðum félagslegum tengslum á milli fólks.

## Innblástur

Mannvirkið sem við sjáum fyrir okkur tekur mið af



þessu. Í verkinu höfum við gert hlekkina þvíða ramma sem skarast, mynda samruna og opnast þannig bæði inn á við og út á við. Við höfum þess vegna nefnt verkið CATENA, eða keðju á latínu.

Rammarnir, eða rýmin eru tileinkaðir fjórum þeim sem hafa tengst manneskjunni frá örófi alda: Jörð, vatn, loft og eldur. Saman eru þessi frumefni undirstaða alls lífs á jörðinni.

- Í nyrsta rýminu vex tré úr jörðu og með tíð og tíma mun myndast falleg trékróna sem afmarkar rýmið og skapar skjól fyrir íbúa svæðisins.

- Syðsta rýmið er tileinkað eldi og hita. Þar verður hægt að kveikja bál bæði til að skapa stemningu og hita nánasta umhverfi.

- Í miðjunni er gert ráð fyrir frumefnunum vatni og lofti. Vatn má sækja frá húspökum á byggingum sem liggja að torginu og veita í tjörnina í miðju rýminu. Þaðan má leiða vatnið í áttina að Urriðavatni, niður ásin sem er ein af meginleiðunum inn í



Frá vinstri:

Holdsveikrahælið í Laugarnesi. (Ljósmyndari óþekktur).  
Fiðrildisvængur. (Ljósmyndari Petr Jan Juračka. Öreindir.  
Mynd: CERN. Pixlar - myndverk á norskum 100 krónu-seðli. Hönnun: Snøhetta

hverfið. Loftið er einmitt frumefnið sem skírskotar til hreyfingar, tenginga á milli hluta - og frelsis.

## Tengingin við staðinn

Mannvirkið er hugsað þannig að rúmfræðin, eða geómetría verksins er stillt af gagnvart þeim áttum og ásum sem skilgreina rýmið á torginu. Umferð fótgangandi inn á torgið stjórnað annars vegar af byggingunum sem afmarka það og hins vegar af bilinu á milli þeirra. Bilið skapar hreyfingu og veggir



bygginganna afmarka hreyfinguna. Þess vegna er hið nýja mannvirki á Háholtinu vel til þess fallið að brjóta stærðarhlutföllin niður í minni einingar - sem hver og ein er í mannlegri stærðarhlutföllum enn sjálfar byggingarnar.


Mannvirkið er engan veginn það stórt að það hamli umferð um svæðið, enda mikilvægt að hægt verði að komast inn á torgið með neyðarbílum.


#### Tæknileg atriði

Verkið verður gert úr stáli og timbri. Burðarvirkið verður úr stáli (þversnið 200x200mm) og skjólveggir úr viðarklæddri timburgrind. Samskeytin verða logsóðin og þurfa því enga frekari afstíflu, en það gefur okkur frelsi til að staðsetja skjólveggina þar sem þeir koma best að notum.

Skjólveggirnir verða bæsaðir dökkir, en til greina kemur að bæsa þá í litum Oddfellowreglunnar að innan.
















## Gróf kostnaðaráætlun með athugasemdum

Eftirfarandi áætlun nær til kostnaðar við byggingu og frágangi á mannvirkinu á Háholti. Í kostnaðaráætluninni eru ekki teknir með þættir eins og frágangur á lóð umhverfis mannvirkið né heldur tenging við yfirvatnslausnir á staðnum.

### Skipulag og þróun

|                                 |           |
|---------------------------------|-----------|
| - Fullnaðarhönnun / fundir      | 4.500.000 |
| - Verkfræðihönnun               | 1.200.000 |
| - Verkefnis- og byggingarstjórn | 1.000.000 |
| - Gæðastjórn                    | 1.000.000 |
| - Ferðir og gisting             | 600.000   |

### Efniskostnaður

|                |           |
|----------------|-----------|
| - Stál         | 5.500.000 |
| - Timbur       | 2.500.000 |
| - Steypa       | 1.200.000 |
| - Fúa-/ryðvörn | 800.000   |
| - Lýsing       | 1.100.000 |

### Vinna

|                                       |           |
|---------------------------------------|-----------|
| - Stálsmíði, flutningar og uppsetning | 6.500.000 |
| - Steypa, grunnur og undirstöður      | 2.500.000 |
| - Trésmíðavinna                       | 1.500.000 |
| - Yfirborðsvinna, málning mfl.        | 1.200.000 |
| - Rafmagnslögn                        | 1.200.000 |

**Summa** 32.300.000

Buffer 18% 5.814.000

**Samtals** 38.114.000

Vsk (námundað) 9.147.360

**Heildarkostnaður (námundað)** 47.260.000

Að samkeppninni lokinni verður lagt ýtarlegra mat á aðstæðum á Háholti og hvernig hægt verður að laga byggingu verksins að fyrirhuguðum framkvæmdum. Þá verður gerð nákvæmari kostnaðaráætlun og fengin verða tilboð í verkið frá undirverktökum.

Við sjáum fyrir okkur að verkið sé vel framkvæmanlegt innan kostnaðarrammans. Ef flækjustig framkvæmdarinnar reynist vera stærra þegar endanleg plön fyrir byggingarframkvæmdirnar á Háholti liggja fyrir og úttekt á lóðinni liggur fyrir getur byggingarkostnaðurinn hafa farið fram úr kostnaðaráætluninni. Vi sjáum engu að síður fyrir okkur að

hægt verði að einfalda verkið og hugsanlega að minnka það eitthvað til þess að halda kostnaðaráætluninni.

Ef stutt er niður á klöpp á þeim tiltekna stað sem við sjáum fyrir okkur að nota getur það reynst erfitt að gera eldgryfju og safnpró fyrir vatn. Við áskiljum okkur því rétt til að útfæra þann hluta verksins á annan hátt enn fram kemur í þessari kynningu.

Verð á byggingarefni hefur farið hækkandi á síðustu árum, og þess vegna ástæða til að gera nýtt mat á kostnaði verksins þegar nær dregur.

